

## Útgjöld til fræðslumála á Íslandi *Expenditure on education in Iceland*

*Samantekt* Árið 2007 námu heildarútgjöld til fræðslumála 106,4 milljörðum króna eða 8,2% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 96,3 milljarðar króna, 90,5% af útgjöldunum, en hlutur einkaaðila 10,1 milljarður eða 9,5% af útgjöldunum. Af heildarútgjöldum hins opinbera árið 2007 runnu 18,8% til fræðslumála. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa heildarútgjöld til fræðslumála hækkað úr 7,1% af landsframleiðslu 1998 í 8,2% á árinu 2007 eins og áður segir.

Af heildarútgjöldum til fræðslumála árið 2007 runnu 11,4% til fræðsluhluta leikskóla, 45,1% til grunnskóla, 17,9% til framhaldsskóla, 18,4% til háskóla og 7,3% til stjórnáskóla menntamála og þátta sem ekki tilheyra ákveðnu skólastigi. Af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála árið 2007 runnu 9,1% til leikskóla, 49,2% til grunnskóla, 17,6% til framhaldsskóla, 18,9% til háskóla og 5,2% voru útgjöld sem tilheyra ekki ákveðnu skólastigi.

Af útgjöldum einkageirans til fræðslumála árið 2007 runnu um 32,7% til leikskóla, 5,2% til grunnskóla, 20% til framhaldsskóla, 13,8% til háskóla og 28,0% til annarra fræðslumála, óflokkuð á skólastig.

Heildarútgjöld til fræðslumála í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) voru að meðaltali 5,7% af landsframleiðslu ríkjanna árið 2005. Mikill munur er á því hlutfalli milli einstakra ríkja. Í Ísrael var hlutfallið hæst, 8,3% árið 2005, en lægst var það 3,4% í Grikklandi það ár. Á þennan mælikvarða var Ísland í 2. sæti OECD-ríkjanna en hér var 8% af landsframleiðslu varið til fræðslumála á árinu 2005.<sup>1</sup>

### Inngangur

*Í ritinu er m.a. gerð grein fyrir útgjöldum til fræðslumála árin 1998–2007 samkvæmt alþjóðlegum stöðlum*

Í þessu riti er yfirlit um útgjöld til fræðslumála hér á landi síðustu árin. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir útgjaldaþróun málaflokksins frá 1980 í fjárhæðum, hlutfallstölum og í vexti að raungildi. Í öðrum kafla er vikið að meginflokkum útgjalda til fræðslumála á tímabilinu 1998–2007 og í þriðja kafla er farið yfir útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks á sama tímabili. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir útgjöldum einkaaðila til fræðslumála og í þeim fimmta er fjallað sérstaklega um kostnað á nemanda á tímabilinu. Þá er gerð grein fyrir útgjöldum til fræðslumála samkvæmt alþjóðlegum stöðlum í sjötta kafla og í þeim sjöunda greint er frá fjárhagslegum stuðningi við fræðslukerfið. Áttundi kafla er fjallað um þróun fræðsluútgjalda á háskólastigi, vöxt þess, sameiningu skóla á því stigi, tilfærslu skólastofnana yfir á háskólastigið og fjölgun stofnana á því stigi. Loks er í níunda kafla

<sup>1</sup> Í niðurstöðu skýrslunnar hefur þetta hlutfall verið endurreiknað og er 8,4% eins og sést í töflu 9 í töfluviðauka.



fjallað um samanburð á útgjöldum til fræðslumála milli Íslands og annarra OECD-ríkja. Í lok ritsins er töfluviðauki um útgjöld til fræðslumála.


## 1. Þróun fræðsluútgjalda 1980–2007

Á aldarfjórðungi hafa útgjöld til fræðslumála vaxið úr 4,6% af landsframleiðslu í 8,2% af landsframleiðslu í 8,2%

Heildarútgjöld til fræðslumála hafa vaxið verulega síðasta aldarfjórðung eða úr 4,6% af landsframleiðslu í upphafi níunda áratugarins í 8,2% af landsframleiðslu á árinu 2007. Á verðlagi ársins 2007 nemur vöxturinn 106,4 milljörðum króna (sjá töflu 19 í töfluviðauka, bls. 26). Á þennan mælikvarða reyndust útgjöldin hæst árin 2002–2003 eða 8,43% af landsframleiðslu<sup>1</sup> eins og sjá má í töflu 9 á bls. 17 í töfluviðauka.

### Mynd 1. Útgjöld til fræðslumála sem hlutfall af landsframleiðslu 1980–2007

Figure 1. Education expenditures as per cent of GDP 1980–2007



Af heildarútgjöldum til fræðslumála á árinu 2007 voru útgjöld hins opinbera 96,3 milljarðar króna og einkaaðila 10,1 milljarður króna. Á rúmlega aldarfjórðungi hafa útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks aukist úr 4,4% af landsframleiðslu í 7,45%. Á sama tíma hafa útgjöld heimila nálægt fjórfaldast eða farið úr 0,2% af landsframleiðslu í 0,8%. Hluttur heimila í heildarútgjöldum til fræðslumála hefur aukist úr 4,4% af landsframleiðslu árið 1980 í 9,5% árið 2007. Þegar horft er til heildarútgjalda heimilanna þá sést að hluttur þeirra til fræðslumála náði hámarki árið 2003 þegar hann varð 10,6%. Þá hefur hluttur hins opinbera til fræðslumála vaxið úr 13,2% af heildarútgjöldum þess árið 1980 í 18,8% árið 2007.

... og að raunvirði hafa þau næstum fjórfaldast


Til að meta vöxt útgjalda til fræðslumála að raungildi frá 1980 er nærtækast að raunvirða fræðsluútgjöld hins opinbera með verðvísitölu samneyslu og útgjöld einkaaðila með verðvísitölu fræðsluútgjalda í einkaneyslu. Í byrjun níunda áratugarins voru fræðsluútgjöld, reiknuð á verðlagi ársins 2007, 28,3 milljarðar króna en 106,4 milljarðar 2007. Fræðsluútgjöld hafa því nær fjórfaldast að raungildi á þessu tímabili.<sup>2</sup> Fræðsluútgjöld á mann á verðlagi 2007 voru 124 þúsund krónur í byrjun níunda áratugarins en um 342 þúsund krónur árið 2007 og hafa því nær þrefaldast síðasta aldarfjórðung. Síðustu þrjú árin hafa útgjöld til fræðslumála nánast staðið í stað og numið um 340 þúsund krónum á mann á sama verðlagi.

<sup>1</sup> Í þessu samhengi verður að hafa í huga að hagvöxtur var lítill á árunum 2002 og 2003 en jókst hins vegar verulega á árunum 2004–2007, eða um ríflega 25%.

<sup>2</sup> Sjá mynd 2 á næstu síðu og töflu 19 í töfluviðauka á bls. 27.

## Mynd 2. Heildarútgjöld til fræðslumála á verðlagi ársins 2007

Figure 2. Education expenditure at 2007 prices



## 2. Heildarútgjöld til fræðslumála eftir skólastigum

Rúmlega 45% útgjalda til fræðslumála renna til grunnskólastigs

Útgjöldum til fræðslumála má skipta eftir skólastigum í samræmi við alþjóðastaðla eins og gert er í töflum 9–13 í töfluviðauka (bls. 16–20). Við þá greiningu er farið eftir COFOG-flokkun<sup>1</sup> á opinberum útgjöldum en COICOP-flokkun<sup>2</sup> við greiningu á útgjöldum einkaaðila til fræðslumála.

### Tafla 1. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2007

Tafla 1. Total expenditure on education 1998–2007<sup>1</sup>

Hlutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Fræðsluútgjöld alls</b>	<b>7,14</b>	<b>7,30</b>	<b>7,37</b>	<b>7,70</b>	<b>8,47</b>	<b>8,44</b>	<b>8,33</b>	<b>8,43</b>	<b>8,34</b>	<b>8,24</b>
Leikskólastig	0,67	0,69	0,74	0,79	0,80	0,82	0,76	0,79	0,89	0,94
Grunnskólastig	3,29	3,39	3,49	3,46	4,03	3,83	3,79	3,87	3,80	3,70
Framhaldsskólastig	1,48	1,43	1,32	1,55	1,59	1,64	1,63	1,55	1,54	1,47
Háskólastig	1,21	1,28	1,30	1,33	1,48	1,52	1,51	1,57	1,47	1,52
Fræðslumál, ót. a.s.	0,50	0,51	0,52	0,56	0,57	0,63	0,64	0,65	0,63	0,61

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.

Fram kemur að 11,4% útgjaldanna árið 2007 renna til leikskóla<sup>3</sup> og um 45,1% til grunnskóla (þ.e. 31,4% þeirra til barnaskólastigs og 13,7% til unglingsstigs).<sup>4</sup> 17,9% til renna til framhaldsskóla og 18,4% til háskóla. Afgangurinn, 7,3%, rennur

<sup>1</sup> COFOG stendur fyrir Classification of Functions of Government og er flokkunarkerfi fyrir útgjöld hins opinbera eftir viðfangsefnum. Sameinuðu þjóðirnar gefa staðalinn út en hann er notaður af alþjóðastofnunum, svo sem OECD, IMF, Eurostat og flestum hagstofum. Sjá [www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun](http://www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun).

<sup>2</sup> COICOP stendur fyrir Classification of Individual Consumption According to Purpose og er flokkun á einkaneysluútgjöldum. Sameinuðu þjóðirnar gefa staðalinn út en hann er notaður af alþjóðastofnunum, svo sem OECD, IMF, Eurostat og flestum hagstofum. Sjá [www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun](http://www.hagstofa.is/Adferdir-og-flokkun).

<sup>3</sup> Leikskólalþjónusta skiptist samkvæmt COFOG í fræðsluþjónustu og velferðarþjónustu. Þjónusta við yngstu börnin (u.þ.b. 45% kostnaðar) tilheyrir almannatryggingum og verferðarmálum en þjónusta við eldri börn (u.þ.b. 55% kostnaðar) tilheyrir fræðslumálum.

<sup>4</sup> Forsendan við skiptingu á kostnaði í barnaskóla- og unglingsstig er að kostnaður við hvern árgang grunnskólastigsins sé sá sami.

til annarra þátta svo sem stjórnslu, stoðþjónustu í skólastarfi, menntunar sem er óflokkuð á skólastig og fræðslumála sem eru ótalin annars staðar.

### Tafla 2. Hlutdeild skólastiga í heildarútgjöldum 1998–2007

Table 2. Expenditure on education 1998–2007, percentage breakdown by level<sup>1</sup>

	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Fræðslumál alls</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Leikskólastig	9,33	9,97	9,40	9,65	9,20	9,37	10,62	11,35
Grunnskólastig	46,02	47,34	47,60	45,42	45,45	45,87	45,47	45,06
Framhaldsskólastig	20,65	18,01	18,72	19,38	19,48	18,40	18,61	17,88
Háskólastig	16,92	17,53	17,57	18,05	18,05	18,62	17,57	18,40
Fræðslumál, ót. a.s.	7,09	7,15	6,71	7,51	7,82	7,74	7,72	7,31

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.

*Raunvöxtur útgjalda til fræðslumála á síðasta áratug nemur um 28% á mann*

Síðasta áratug hefur verið mikill vöxtur í útgjöldum til fræðslumála, en þau hafa vaxið úr 268 þúsund krónum á mann árið 1998 í 342 þúsund krónur árið 2007 á verðlagi 2007 og nemur raunvöxturinn á mann 28%. Mestur hefur vöxturinn verið á leikskólastiginu, en kostnaður hefur vaxið þar um 55% á tímabilinu eða úr 25 þúsund krónur á hvern landsmann 1998 í 39 þúsund krónur 2007 á verðlagi þess árs. Alls var kostnaður vegna þessarar þjónustu leikskólastigsins rúmlega 12 milljarðar króna 2007.

### Tafla 3. Fræðsluútgjöld á mann á verðlagi ársins 2007

Table 3. Expenditure on education per capita at 2007 prices<sup>1</sup>

Þúsundir króna	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Fræðslumál alls</b>	<b>267,6</b>	<b>276,4</b>	<b>314,4</b>	<b>310,0</b>	<b>320,7</b>	<b>338,4</b>	<b>341,9</b>	<b>341,7</b>
Leikskólastig	25,0	27,6	29,6	29,9	29,5	31,7	36,3	38,8
Grunnskólastig	123,2	130,9	149,7	140,8	145,8	155,2	155,5	154,0
Framhaldsskólastig	55,3	49,8	58,9	60,1	62,5	62,3	63,6	61,1
Háskólastig	45,3	48,5	55,3	56,0	57,9	63,0	60,1	62,9
Fræðslumál, ót. a.s.	19,0	19,8	21,1	23,3	25,1	26,2	26,4	25,0

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.

*Til grunnskóla fóru 48 milljarðar króna árið 2007 og 19 milljarðar til framhaldsskóla*

Til grunnskóla<sup>1</sup> runnu um 48 milljarðar króna árið 2007 eða 154 þúsund krónur á mann. Samsvarandi fjárhæðir 1998 voru 33,7 milljarðar króna á verðlagi 2007 eða 123 þúsund krónur á mann. Raunaukning á mann nemur því 25% á tímabilinu. Til framhaldsskóla runnu 19 milljarðar króna 2007 eða 61 þúsund krónur á mann. Árið 1998 voru samsvarandi fjárhæðir ríflega 15 milljarðar króna eða 55,3 þúsund krónur á mann á verðlagi 2007. Raunhækkun þeirrar þjónustu er því um 10,5% á mann á tímabilinu.


Útgjöld til háskólastigsins námu um 19,6 milljörðum króna 2007 eða um 63 þúsund krónur á hvern landsmann. Til samanburðar var kostnaðurinn árið 1998 12,3 milljarðar króna á verðlagi ársins 2007 eða 45,3 þúsund krónur á mann. Raunhækkunin í fræðsluþjónustu á þessu stigi er því veruleg eða um 39% á mann á tímabilinu. Til annarrar fræðslu runnu samanlagt um 7,8 milljarðar króna en það

<sup>1</sup> Til barnaskólastigsins runnu um 33,4 milljarðar árið 2007 en það samsvarar ríflega 107 þúsund krónum á mann. Til samanburðar voru útgjöldin ríflega 88 þúsund krónur á mann 1998 á verðlagi 2007 og raunhækkunin því um 21,5% þennan áratug. Útgjöld til unglingsstigsins voru um 14,6 milljarðar króna 2007 eða 46,8 þúsund krónur á mann, en árið 1998 var samsvarandi ráðstöfun á mann 34,9 þúsund krónur og er raunhækkunin því um 34% á tímabilinu.

samsvarar um 25 þúsund krónum á mann. Árið 1998 var ráðstafað um 19 þúsund krónum á mann til háskóla á verðlagi 2007 og er raunhækkunin því um 32% á þessu tímabili.

### Mynd 3. Útgjöld til fræðslumála á mann á verðlagi 2007

Figure 3. Education expenditure per capita at 2007 prices



### 3. Opinber útgjöld til fræðslumála 1998–2007

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 7,45% af landsframleiðslu 2007

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála má flokka eftir skólastigum í samræmi við COFOG-flokkun eins og gert er í töflunni<sup>1</sup> hér að neðan. Meginniðurstaðan er að fræðsluútgjöld hins opinbera námu 96,3 milljörðum króna en það svarar til 7,45% af landsframleiðslu ársins 2007. Af þeim runnu 9,1% til leikskóla, 49,2% til grunnskóla, 17,6% til framhaldsskóla, 18,9% til háskóla og 5,15% til annarra þátta eins og stjórnssýslu, stoðþjónustu í skólastarfi og fræðslumál ótalin annarsstaðar.


Opinber útgjöld til háskóla námu 18 milljörðum króna 2007 eða um 1,4% af landsframleiðslu

Útgjöld hins opinbera til fræðsluhluta leikskóla námu 8,8 milljörðum króna 2007 eða 0,68% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall hækkað verulega síðasta áratug en það var 0,43% af landsframleiðslu 1998. Hið opinbera ráðstafaði 47,4 milljörðum króna til grunnskóla 2007 eða 3,67% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall hækkað úr 3,25% árið 1998. Útgjöld hins opinbera til framhaldsskólans voru um 17 milljarðar króna 2007 eða 1,3% af landsframleiðslu og til háskólastigsins fóru 18,2 milljarðar króna eða 1,4% af landsframleiðslu en það hlutfall var 1,1% árið 1998. Hækkunin er 25,5% á þessu árabili. Önnur útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 5 milljörðum króna 2007 eða 0,38% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall hækkað úr 0,32% árið 1998.

<sup>1</sup> Í þessari töflu er barnaskóla- og unglingastig tekið saman í grunnskólastig.

#### Mynd 4. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2007

Figure 4. Public expenditure on education 2007



Yfirlit sem sýnir útgjöld hins opinbera til fræðslumála er að finna í töflu 10 í töfluvíðauka. Tafla 11 sýnir fræðsluútgjöld ríkissjóðs til málaflokksins og tafla 12 útgjöld sveitarfélaganna.

#### Tafla 4. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 1998–2007

Table 4. General government expenditure on education 1998–2007<sup>1</sup>

Innbyrðis hlutdeild	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Leikskólastig (fræðsluhluti)	6,62	7,04	6,49	6,59	6,31	6,68	8,19	9,11
Grunnskólastig	50,35	51,75	52,03	50,14	49,97	50,32	49,77	49,22
Framhaldsskólastig	20,73	17,94	18,79	19,51	19,57	18,35	18,49	17,64
Háskólastig	17,38	18,09	18,07	18,58	18,54	19,13	17,98	18,88
Önnur fræðsluútgjöld ót. a.s.	4,91	5,18	4,63	5,18	5,60	5,52	5,58	5,15

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.

Hlutdeild sveitarfélaga í fræðsluútgjöldum hefur aukist nokkuð síðasta áratuginn eða úr því að vera 63,4% af fræðsluútgjöldum hins opinbera 1998 í 66,4% 2007 og hlutur ríkissjóðs hefur dregist saman sem því nemur.

#### Tafla 5. Fræðsluútgjöld ríkis og sveitarfélaga 1998–2007

Table 5. Central and local government expenditure on education 1998–2007<sup>1</sup>

Hlutfallsleg skipting	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Hlutur ríkissjóðs	36,6	34,8	35,3	36,9	36,4	35,2	33,6	33,6
Hlutur sveitarfélaga	63,4	65,2	64,7	63,1	63,6	64,8	66,4	66,4

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.


#### 4. Útgjöld einkaaðila til fræðslumála 1998–2007

Útgjöld heimilanna til fræðslumála námu rúmlega 10 milljörðum króna 2007 eða um 0,8% af landsframleiðslu

Útgjöld einkaaðila til fræðslumála má flokka á skólastig eins og gert er í töflu 13 í töfluviðauka (bls. 21). Einkaaðilar ráðstöfuðu ríflega 10 milljörðum króna til fræðsluþjónustu 2007 og þar af runnu 3,3 milljarðar króna til leikskóla eða um þriðjungur útgjaldanna og ríflega ½ milljarður króna til grunnskóla eða 5,4% útgjaldanna. Til framhaldsskóla runnu 2 milljarðar króna eða rúmlega 20% útgjaldanna og 1,4 milljarðar króna til háskóla eða 13,8% útgjaldanna. 2,8 milljörðum króna var ráðstafað til annarra fræðslumála eða 28,0% af útgjöldum einkaaðila (sjá einnig mynd 5).

#### Mynd 5. Útgjöld einkaaðila til fræðslumála 2007

Figure 5. Private expenditure on education 2007



Síðasta áratug hafa útgjöld einkaaðila til fræðslumála aukist úr 0,7% í 0,8% af landsframleiðslu. Árið 1998 námu heildarútgjöld einkaaðila til fræðslumála 25,9 þúsund krónum á mann á verðlagi ársins 2007 samanborið við 32,4 þúsundir króna árið 2007. Á þennan mælikvarða hafa útgjöldin aukist um rúmlega 25%. Sem hlutfall af landsframleiðslu er aukningin mest á háskólastiginu eða ríflega 22% milli áranna 1998 og 2007 en þó hefur dregið úr útgjöldum þessa skólastigs sem hlutfall af landsframleiðslu frá árinu 2005. Útgjöld einkaaðila til grunnskóla sem hlutfall af landsframleiðslu hafa vaxið um ríflega 10% á tímabilinu og útgjöld til framhaldsskólans um 15,6%.

#### 5. Kostnaður á nemanda á tímabilinu 1998–2007

Raunkostnaður á nemanda hefur hækkað um ríflega fimmtung síðasta áratug

Heildarútgjöld á hvern nemanda í skólum jukust síðasta áratug úr 848 þúsund krónum í 1.033 þúsund krónur eða um 21,8% að raungildi reiknað á veðlagi ársins 2007 með vísitölu samneyslu. Mest er hækkunin á leikskólastiginu eða um 53% og á grunnskólastiginu ríflega 37%.

**Tafla 6. Fræðslukostnaður á nemanda 1998–2007**Table 6. Expenditure on education per capita 1998–2007<sup>1</sup>


Púsundir króna	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Miðað við samneynsluvísitölu, á föstu verði 2007</b>								
<b>Kostnaður á nemanda alls</b>	<b>848</b>	<b>877</b>	<b>962</b>	<b>921</b>	<b>945</b>	<b>996</b>	<b>1.024</b>	<b>1.033</b>
Leikskólastig	831	960	974	956	939	1.016	1.182	1.269
Grunnskólastig	796	850	970	910	954	1.033	1.072	1.094
Framhaldsskólastig	737	687	803	805	824	804	813	770
Háskólastig	1.451	1.331	1.249	1.112	1.076	1.142	1.097	1.142

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.

Á framhaldsskólastiginu jukust útgjöld á hvern nemanda aðeins um 4,4% að raungildi á þessu tímabili, en fjölgun nemenda þar var ríflega 20%. Á háskólastiginu minnkuðu útgjöldin hins vegar um ríflega 21% að raungildi á nemanda, en nemendafjöldinn tvöfaldaðist á þessum tíma (sjá töflu 17 í töfluviðauka á bls. 24). Útgjöld á nemanda á tímabilinu 1998–2007 eru sýnd í mynd 6 á föstu verðlagi ársins 2007.

**Mynd 6. Útgjöld á nemanda á föstu verði eftir skólastigum 1998–2007**

Figure 6. Expenditure per student per level, constant prices, 1998–2007



Að meðaltali var launakostnaður hins opinbera um 3,9 milljónir króna á starfsmann árið 2007 sem er aðeins hærrí fjárhæð en árið 1998 á verðlagi ársins 2007. Hæsta greiðslan á starfsmann er á framhaldsskólastigi eða 4,4 milljónir króna 2007 og lægsta í leikskólum 2,5 milljónir króna. Á tímabilinu 1998–2007 hefur launakostnaður aukist úr 53,4 milljörðum króna í 62,7 milljarða króna eða um 17,4% að raunvirði á verðlagi í lok tímabilsins miðað við launavísitölu opinberra starfsmanna. Launakostnaður hækkaði um rúmlega 54% á leikskólastiginu og 18,3% á grunnskólastiginu. Launakostnaður á framhaldsskólastiginu var 11,4 milljarðar króna 2007 og launakostnaður á háskólastiginu var 9,8 milljarðar króna og hefur hann aukist um 12,5% að raungildi á tímabilinu.



**Tafla 7. Launakostnaður hins opinbera á starfsmann í skólum 1998–2007**Table 7. General government salary cost per employee in schools 1998–2007<sup>1</sup>

Þúsundir króna	1998	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Staðvirt á verðlagi 2007<sup>2</sup></b>								
<b>Öll skólastig</b>	<b>3.829</b>	<b>3.683</b>	<b>3.727</b>	<b>3.756</b>	<b>3.761</b>	<b>4.024</b>	<b>3.926</b>	<b>3.890</b>
Leikskólastig	1.968	2.148	1.995	1.955	2.003	2.167	2.379	2.500
Grunnskólastig	3.888	4.063	3.978	3.983	3.994	4.376	4.271	4.204
Framhaldsskólastig	4.735	3.677	4.586	4.590	4.491	4.621	4.501	4.439
Háskólastig	3.763	3.218	3.328	3.592	3.662	3.753	3.285	3.195

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.<sup>2</sup> Staðvirt með launavísitölu opinberra starfsmanna.

## 6. Útgjöld til fræðslumála samkvæmt UOE staðli

Upplýsingar eru samræmdar og flokkaðar á samræmi við UOE töflur sem skilað er til alþjóðlegra stofnana

Í samstarfi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) hefur alþjóðlegt flokkunarkerfi (UOE)<sup>1</sup> um fræðslumál verið skilgreint. Flokkunin snýr bæði að tölfræðilegum upplýsingum um skólustarf (nemenda- og starfsmanna-fjölda) og fjárhagslegum upplýsingum.

Greint er frá fjárhagslegum upplýsingum um fræðslumál á tvennan hátt. Annars vegar er sýnt hver fjármagnar fræðsluútgjöldin og hvort um bein útgjöld sé að ræða eða tilfærslur milli fjármögnunaraðila. Fræðsluútgjöldum í töflum 9–13 í töfluviðauka er skipt með þeim hætti. Hins vegar eru fræðsluútgjöldin sýnd með hagrænum hætti, þ.e. launkostnað, annan rekstrarkostnað og fjárfestingu. Fræðsluútgjöldum er skipt þannig í töflum 14–16 í töfluviðauka ritsins.

Í umræddu flokkunarkerfi eru skólastigin sjö eins og í alþjóðlega flokkunarkerfinu fyrir menntun, ISCED-97. Skólastigin í UOE-töflunum eru:

1. Leikskólastigið (ISC 0) (*e. pre-primary*)
2. Barnaskólastigið (ISC 1) (*e. primary*)
3. Unglingastigið (ISC 2) (*e. lower secondary*)
4. Framhaldsskólastigið (ISC 3) (*e. upper secondary*)
5. Viðbótarstig, sem ekki er á háskólastigi (ISC 5) (*e. non-university tertiary*)
6. Háskólastigið (ISC 6–7) (*e. university level tertiary*)
7. Útgjöld sem tilheyrar ekki ákveðnu háskólastigi (*e. not allocated by level*)

Til samræmis við flokkun skólastiganna hér á landi eru niðurstöður sem varða barnaskólastigið og unglingastigið víða dregnar saman í þessu riti og mynda grunnskólastigið.

### Fræðsluútgjöld eftir fjármögnun


Opinberir aðilar fjármagna rúmlega níu tíundu hluta fræðsluútgjalda hér á landi

Í töflum 9–13 í töfluviðauka (bls. 16–20) er að finna upplýsingar um útgjöld til fræðslumála á árunum 1998–2007. Hið opinbera fjármagnar 90,5% útgjaldanna 2007 en einkaaðilar 9,5%. Stærsti hluti útgjaldanna er hjá sveitarfélögum eða rúmlega 54%.

<sup>1</sup> UOE-heitið er dregið af fyrsta staf í heiti þessara stofnana.

### Mynd 7. Fjármögnun fræðslukerfisins 1998–2007

Figure 7. Education expenditure financing 1998–2007




Fjárfesting nam um 8,8% af heildarútgjöldum til fræðslumála árið 2007

Fjárfestingarútgjöld til fræðslumála eru að stærstum hluta hjá hinu opinbera. Í töflu 14 í töfluviðauka má sjá að heildarfjárfesting í fræðslukerfinu nam um 9,4 milljörðum króna árið 2007 eða 8,8% af 106,4 milljarða króna heildarútgjöldum til málaflokksins það ár. Þar af nam fjárfesting sveitarfélaga 6,7 milljónum króna eða 6,3% af heildarútgjöldum til fræðslumála en fjárfesting ríkissjóðs nam um 2,7 milljónum króna á sama tíma eða um 2,5% af heildarútgjöldum til fræðslumála.

### Mynd 8. Fjárfesting í fræðslukerfinu 1998–2007

Figure 8. Capital expenditure in education 1998–2007



## Hagræn flokkun fræðsluútgjalda eftir greiðendum

Hagræn flokkun fræðsluútgjalda er sýnd í töflum 14, 15, 16 og 20 í töfluviðauka en hún sýnir skiptingu útgjalda í laun, kaup á vörum og þjónustu, tilfærslur og fjárfestingu.

*Hið opinbera ber 86,7% af launakostnaðinum og 78,7% af öðrum rekstrarkostnaði við fræðslumál*

Hið opinbera bar 86,7% af 70,3 milljarða króna launakostnaði við fræðslukerfið árið 2007, hlutur ríkisins var 21,7 milljarðar króna eða 30,8% og sveitarfélaga 39,3 milljarðar króna eða 55,9%. Þessu til viðbótar var launakostnaður greiddur af stofnunum sem háðar eru ríkisstyrkjum en þær báru 3,7% af honum og af einkaðilaum sem báru 9,6% af kostnaðinum. Hins vegar bar hið opinbera 78,7% af öðrum rekstrarkostnaði við fræðslukerfið árið 2007, ríkið 23,1% og sveitarfélögin 55,6%. Heildarrekstrarkostnaður hins opinbera árið 2007 vegna fræðslumála nam um 84,8% og féllu 29,0% á ríkissjóð og 55,8% á sveitarfélögin. Hluti ríkissjóðs í fjárfestingarútgjöldum til fræðslumála 2007 var 28,6% en sveitarfélaga 71,4%.<sup>1</sup>

## 7. Fjárhagslegur stuðningur við námsmenn árin 1998–2007

*Lán og styrkir til námsmanna hafa aukist að raungildi um um 43% á mann síðasta áratug*

Umsvif Lánaþjófís íslenskra námsmanna (LÍN) hafa vaxið töluvert síðasta áratug bæði að raunvirði og sem hlutfall af landsframleiðslu, eins og sjá má á töflu 22 í töfluviðauka. Veitt aðstoð í formi lána og styrkja frá LÍN nam um 8,9 milljörðum króna 2007 eða 28,5 þúsund krónum á hvern landsmann. Árið 1998 var samsvarandi fjárhæð 19,9 þúsund krónur á sama verðlagi. Framlag ríkissjóðs til LÍN nam 4,8 milljörðum króna 2007 en það samsvarar um 15,4 þúsund krónum á mann. Árið 1998 var sú fjárhæð 11 þúsund krónur á verðlagi ársins 2007. Afborganir útlána og greiddir vextir til LÍN voru ríflega 4,9 milljarðar króna á árinu 2007 en það samsvarar um 15,8 þúsund krónum á mann.


*Útlán sjóðsins skiptast milli nema á háskólastigi og þeirra sem eru í sérnámi á framhaldsskólastigi*

Um 91,2% af útlánunum LÍN runnu til nemenda á háskólastigi og um 8,8% til nema á framhaldsskólastigi skólaárið 2005–2006. Meðallán hafa lækkað úr 843 þúsund krónum skólaárið 2000–2001 í 824 þúsund krónur skólaárið 2005–2006 eða um 2,3% að raungildi. Útlán til háskólanema voru um 7,8 milljarðar króna skólaárið 2005–2006 eða um 830 þúsund krónur á hvern lánþega. Samsvarandi fjárhæð var 862 þúsund krónur 1998 á verðlagi ársins 2007. Útlán til nema á framhaldsskólastigi námu um 745 milljónum króna skólaárið 2005–2006 eða 772 þúsund krónum á hvern lánþega. Samsvarandi fjárhæð var 669 þúsund krónur skólaárið 2000–2001 miðað við föstu verði. Hluttur lánþega á framhaldsskólastigi í heildarútlánunum LÍN hefur aukist á undanförunum árum eins og sést á mynd 9. Upplýsingar um helstu rekstrarstærðir LÍN er að finna í töflum 22–25 í töfluviðauka.

<sup>1</sup> Fjárfesting einkafyrirtækja í fræðsluþjónustu kemur inn í einkaneyslu heimila og samtaka á fræðsluþjónustu sem afskriftir.

### Mynd 9. Þróun námslána eftir skólastigum 1998–2007

Figure 9. Evolution of student loans by level of education 1998–2007



Hlutfall lána vegna náms hérlendis hafa hækkað á tímabilinu en því er öfugt farið vegna náms erlendis

Á skólaárunum frá 2000–2001 til 2005–2006 hafa að meðaltali um 68% útlána lánasjóðsins runnið til lánþega í námi innanlands og 32% til lánþega í námi erlendis. Útlán til lánþega í námi innanlands hafa aukist úr nálægt 49% af heildarútlánnum sjóðsins skólaárið 2000–2001 í 68% skólaárið 2005–2006. Lánþegum í námi hérlendis hefur fjölgað úr 4.155 skólaárið 2000–2001 í 4.511 skólaárið 2005–2006 eða um 8,6%. Hins vegar hefur lánþegum í námi erlendis fjölgað úr 1.944 skólaárið 2000–2001 í 5.800 skólaárið 2005–2006. Lánþegum hefur því fjölgað úr um 7 þúsund skólaárið 2000–2001 í 10,3 þúsund skólaárið 2005–2006 eða um 69%. Nemum á háskólastigi hefur fjölgað um 70,2% árin 2001–2006 en þeir voru 5.490 skólaárið 2000–2001 og 9.346 skólaárið 2005–2006.

Meðallán um 824 þúsund krónur skólaárið 2005–2006

Eins og fram kom hér að framan hefur meðallán námsmanna lækkað um 2,3% á frá skólaárinu 2000–2001 en fjárhæð meðalláns í námi innanlands hefur þó vaxið verulega eins og sést á mynd 10. Útlán lánasjóðsins hafa aukist sem hlutfall af landsframleiðslu úr því að vera 0,52% af vergri landsframleiðslu skólaárið 2000–2001 í 0,69% skólaárið 2005–2006. Lán til lánþega í námi innanlands hafa vaxið úr 0,25% af vergri landsframleiðslu skólaárið 2000–2001 í 0,47% skólaárið 2005–2006, en lán til lánþega í námi erlendis dragast hins vegar saman úr því að vera 0,26% af landsframleiðslu skólaárið 2000–2001 í 0,22% skólaárið 2005–2006

### Tafla 8. Skipting námslána eftir námi innanlands eða erlendis 2000–2006


Table 8. Student loans by study at home or abroad 2000–2006<sup>1</sup>

Þúsundir króna	2000–2001	2001–2002	2002–2003	2003–2004	2004–2005	2005–2006
<b>Alls</b>	<b>5.138,7</b>	<b>5.532,6</b>	<b>6.340,7</b>	<b>7.554,6</b>	<b>7.764,3</b>	<b>8.499,8</b>
Nám á Íslandi	2.509,9	2.802,8	3.941,7	4.925,3	5.292,2	5.781,6
Nám erlendis	2.628,7	2.729,8	2.399,0	2.629,2	2.472,1	2.718,2
<b>Hlutfall</b>						
Nám á Íslandi	48,8	50,7	62,2	65,2	68,2	68,0
Nám erlendis	51,2	49,3	37,8	34,8	31,8	31,0

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.

### Mynd 10. Þróun námslána eftir því hvort nám er stundað hérlendis eða erlendis

Figure 10. Evolution of student-loans by study at home or abroad



### Jöfnun á námskostnaði

Jöfnunarstyrkir eru ýmist dvalarstyrkir eða akstursstyrkir, til nema í sérskólum á framhaldsskólastigi

Nemendur á framhaldsskólastigi eiga rétt á jöfnunarstyrkjum sem geta ýmist verið dvalarstyrkir og/eða akstursstyrkir. Námsstyrkjanefnd úthlutar þeim en Lánasjóðurinn annast alla umsýslu. Í töflu 23 í töfluviðauka má sjá hvernig þróun styrkjanna hefur verið síðastliðinn áratug. Útgjöld vegna dvalarstyrkja námu 531 milljón króna 2007 en það samsvarar ríflega 21 þúsundi á hvern framhaldsskólanema. Árið 1998 var samsvarandi fjárhæð 10,5 þúsund krónur á verðlagi 2007. Útgjöld vegna akstursstyrkja námu um 35,4 milljónum króna 2007 eða 1,4 þúsund krónum á hvern framhaldsskólanema. Árið 1998 var sú fjárhæð 2,1 þúsund króna á verðlagi 2007.

### 8. Þróun fræðsluútgjalda á háskólastigi 1998-2007

Alls eru 6 stofnanir á háskólastigi árið 2007


Árið 2007 eru eftirtaldir skólar starfræktir á háskólastigi: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands. Frá og með haustinu 2008 bætist Háskólinn á Hólum við. Í ramma 1 er að finna upplýsingar um þróun háskólastigsins síðustu áratuginna.

Dregur úr heildarrekstrarkostnaði á háskólastigi

Heildarrekstrarkostnaður háskólastigsins hefur vaxið jafnt og þétt að raunvirði miðað við verðvísitölu samneyslu síðastliðinn áratug eða úr rúmlega 8,7 milljörðum króna 1998 í 13,1 milljarð króna 2007. Eftir jafnan vöxt frá 1998 lækkaði heildarrekstrarkostnaður að raunvirði lítið eitt milli árunna 2002 og 2003 og árunna 2005 og 2006, en þá lækkaði heildarrekstrarkostnaður úr um 14 milljörðum króna í 13,3 milljarða króna. Enn dró lítið eitt úr heildarrekstrarkostnaði milli árunna 2006 og 2007. Þróun heildarrekstrarkostnaðar á háskólastigi má sjá í töflu 26 í töfluviðauka. Í töflu 27 í töfluviðauka er að finna upplýsingar um fjárfestingu á háskólastiginu.

### Mynd 11. Fjárfestingar á háskólastiginu 1998–2007

Figure 11. Capital formation at the university level 1998–2007



#### Innskot: Próun háskólastigsins hér á landi frá áttunda áratugnum

Veigamiklar breytingar hafa orðið á háskólastiginu hér á landi undanfarin ár. Nýir skólar hafa verið stofnaðir, aðrir hafa færst yfir á háskólastigið og enn aðrir hafa verið sameinaðir. Fram til ársins 1971 var Háskóli Íslands eini skólinn á þessu stigi en það ár breyttist Kennaraskóli Íslands í Kennaraháskóla Íslands. Þessir tveir skólar sameinuðust síðan á miðju ári 2007 undir merkjum Háskóla Íslands.

Árið 1987 bættist Háskólinn á Akureyri við háskólastigið er hann hóf starfsemi sína. Samvinnu-háskólinn varð að sérskóla á háskólastigi árið 1988 upp úr Samvinnuskólanum en nafni skólans var breytt í Viðskiptaháskólann á Bifröst árið 2000 og í Háskólann á Bifröst árið 2006. Háskólinn í Reykjavík varð til úr Tölvuskóla Verslunarskóla Íslands árið 1998 en hann bar nafnið Viðskiptaháskólinn í Reykjavík til ársins 2000. Með viljayfirlýsingu frá haustmánuðum 2004 rann Tækniháskóli Íslands inn í Háskólann í Reykjavík en hann komst á háskólastig árið 2002 þegar Tækniskóli Íslands var færður yfir á það stig.

Með Búnaðarfræðslulögum frá júlí 1998 var formlega stofnaður Landbúnaðarháskóli á Hvanneyri en í byrjun árs 2005 runnu saman við hann Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskóli ríkisins og úr varð Landbúnaðarháskóli Íslands.

Stofnskrá Listaháskóla Íslands var undirrituð þann í september 1998 er starfsemi skólans hófst með því að Myndlista- og handíðaskóli Íslands var lagður niður og rann inn í Listaháskóla Íslands í ágúst 1999 og Leiklistarskóli Íslands sameinaðist honum ári síðar. Tónlistarmenntun hófst á vegum skólans í ágúst 2001 að undangengnum viðræðum við þá tónlistarskóla sem veitt höfðu slíka menntun og fengið til þess fjárframlög eða styrki frá ríkinu.

Hólaskóli fluttist yfir á háskólastigið með yfirlýsingu ráðherra í mars 2007 og var nefndur Háskólinn á Hólum. Gert er ráð fyrir að hann hefji starfsemi á háskólastigi á árinu 2008.

*Miklar fjárfestingar á háskólastiginu á árinu 2003*

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í háskólum á síðustu árum (sjá mynd 11 og töflu 27 í töfluviðauka). Mikil aukning varð í fjárfestingu í háskólum árið 2003 er hún varð 1,9 milljarðar króna samanborið við um 1,5 milljarða króna árið áður á verðlagi 2007. Raunhækkunin árið 2003 nemur 27% og var svipuð og milli árunna 2001 og 2002 eða um 22%. Fjárfesting jókst þó langmest frá árinu 2006 til ársins 2007, úr tæpum einum milljarði króna í 2,4 milljarða á verðlagi ársins 2007.


## 9. Samanburður við önnur ríki

Ísland í öðru sæti OECD-ríkja hvað varðar fræðsluútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu

Heildarútgjöld til fræðslumála í ríkjum OECD voru að meðaltali 5,7% af landsframleiðslu ríkjanna árið 2005 en nýjustu tölur eru frá því ári. Mikill munur er á því hlutfalli milli einstakra ríkja. Í Ísrael var hlutfallið hæst 8,3% af landsframleiðslu en lægst var það í Grikklandi 3,4%. Hér á landi voru heildarútgjöld til fræðslumála 8% árið 2005. Sjá má útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu hvers aðilarríkis OECD á mynd 11, meðaltal OECD og útgjöld Íslands í samanburði við önnur ríki.

### Mynd 11. Útgjöld OECD-ríkja til fræðslumála sem hlutfall af VLF 2005

Figure 11. Education expenditure in OECD countries as percent of GDP in 2005



### **English summary**

Total education expenditure in Iceland in 2007 amounted to 106.4 billion ISK or 8.2% of GDP. Thereof, general government expenditure was 96.3 billion ISK or 90.5% of the total and private expenditure 10.1 billion ISK or 9.5% of the total. The share of the education expenditure of total general government expenditure was 18.8%.

Of the total education expenditure in 2007, 11.4% was spent on education of the pre-primary level, 45.1% was allocated to the lower-secondary level and on the primary level, 17.9% to the upper-secondary level, and 18.4% to the university level. The remaining 7.3% was expenditure not allocated by level and the administration of education.

The total education expenditure in OECD countries was around 5.7% of GDP on average in 2005, but the share between countries varies greatly. In Israel this percentage reached 8.3% of GDP in 2005, in the United States education expenditure reached 7.4% of GDP in 2005, but in Greece it was 3.4% of GDP. On this scale, Iceland was in the second place of the OECD countries in 2005.



**Tafla 9. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2007**Table 9. Total expenditure on education 1998–2007<sup>1</sup>

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Verðlag hvers árs, í milljónum króna</b>										
<b>Heildarútgjöld til fræðslumála</b>	<b>42.010</b>	<b>46.257</b>	<b>50.481</b>	<b>59.401</b>	<b>68.928</b>	<b>71.050</b>	<b>77.350</b>	<b>86.467</b>	<b>97.657</b>	<b>106.413</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	17.768	19.753	22.127	24.838	29.330	29.301	31.567	35.711	41.277	45.468
11 Leikskólastig	3.920	4.377	5.034	6.048	6.482	6.855	7.114	8.106	10.375	12.080
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	13.848	15.377	17.092	18.791	22.848	22.446	24.453	27.605	30.903	33.389
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	14.159	15.122	15.896	19.945	22.864	23.589	25.776	27.964	31.679	33.586
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	5.483	6.085	6.805	7.987	9.959	9.822	10.704	12.054	13.504	14.560
22 Framhaldsskólastig	8.676	9.036	9.091	11.957	12.904	13.766	15.071	15.910	18.176	19.026
4 Háskólastig	7.106	8.114	8.849	10.318	12.112	12.824	13.959	16.098	17.158	19.580
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	2.977	3.269	3.609	4.300	4.623	5.337	6.049	6.694	7.543	7.779
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>										
<b>Heildarútgjöld til fræðslumála</b>	<b>7,13</b>	<b>7,29</b>	<b>7,37</b>	<b>7,68</b>	<b>8,43</b>	<b>8,42</b>	<b>8,31</b>	<b>8,42</b>	<b>8,35</b>	<b>8,23</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	3,03	3,12	3,24	3,22	3,60	3,48	3,40	3,48	3,54	3,52
11 Leikskólastig	0,67	0,69	0,74	0,79	0,80	0,82	0,76	0,79	0,89	0,94
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	2,36	2,43	2,50	2,43	2,80	2,67	2,63	2,69	2,65	2,58
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	2,40	2,38	2,31	2,57	2,77	2,79	2,76	2,71	2,69	2,58
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	0,93	0,96	0,99	1,03	1,22	1,16	1,15	1,17	1,15	1,12
22 Framhaldsskólastig	1,48	1,43	1,32	1,55	1,59	1,64	1,63	1,55	1,54	1,47
4 Háskólastig	1,21	1,28	1,30	1,33	1,48	1,52	1,51	1,57	1,47	1,52
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	0,50	0,51	0,52	0,56	0,57	0,63	0,64	0,65	0,63	0,61
<b>Innbyrðis hlutdeild</b>										
<b>Heildarútgjöld til fræðslumála</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	42,29	42,70	43,83	41,81	42,55	41,24	40,81	41,30	42,27	42,73
11 Leikskólastig	9,33	9,46	9,97	10,18	9,40	9,65	9,20	9,37	10,62	11,35
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	32,96	33,24	33,86	31,63	33,15	31,59	31,61	31,93	31,64	31,38
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	33,70	32,69	31,49	33,58	33,17	33,20	33,32	32,34	32,44	31,56
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	13,05	13,16	13,48	13,45	14,45	13,82	13,84	13,94	13,83	13,68
22 Framhaldsskólastig	20,65	19,53	18,01	20,13	18,72	19,38	19,48	18,40	18,61	17,88
4 Háskólastig	16,92	17,54	17,53	17,37	17,57	18,05	18,05	18,62	17,57	18,40
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	7,09	7,07	7,15	7,24	6,71	7,51	7,82	7,74	7,72	7,31
<b>Útgjöld á mann, þúsundir króna</b>										
<b>Staðvirt á verðlagi samneyslu 2007</b>										
<b>Heildarútgjöld til fræðslumála</b>	<b>267,6</b>	<b>273,2</b>	<b>276,4</b>	<b>295,7</b>	<b>314,4</b>	<b>310,0</b>	<b>320,7</b>	<b>338,4</b>	<b>341,9</b>	<b>341,7</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	113,2	116,6	121,2	123,7	133,8	127,9	130,9	139,7	144,5	146,0
11 Leikskólastig	25,0	25,8	27,6	30,1	29,6	29,9	29,5	31,7	36,3	38,8
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	88,2	90,8	93,6	93,5	104,2	97,9	101,4	108,0	108,2	107,2
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	90,2	89,3	87,0	99,3	104,3	102,9	106,9	109,4	110,9	107,9
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	34,9	35,9	37,3	39,8	45,4	42,9	44,4	47,2	47,3	46,8
22 Framhaldsskólastig	55,3	53,4	49,8	59,5	58,9	60,1	62,5	62,3	63,6	61,1
4 Háskólastig	45,3	47,9	48,5	51,4	55,3	56,0	57,9	63,0	60,1	62,9
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	19,0	19,3	19,8	21,4	21,1	23,3	25,1	26,2	26,4	25,0

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.

**Tafla 10. Fræðsluútgjöld hins opinbera 1998–2007**Table 10. General government expenditure on education 1998–2007<sup>1</sup>

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Verðlag hvers árs, í milljónum króna</b>										
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls<sup>2</sup></b>	<b>37.943</b>	<b>41.804</b>	<b>45.635</b>	<b>53.801</b>	<b>62.342</b>	<b>63.520</b>	<b>69.494</b>	<b>77.892</b>	<b>88.193</b>	<b>96.316</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	16.204	17.988	20.104	22.551	26.622	26.333	28.538	32.484	37.772	41.799
11 Leikskólastig	2.513	2.788	3.214	3.989	4.044	4.184	4.388	5.202	7.220	8.777
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	13.692	15.200	16.890	18.562	22.578	22.149	24.150	27.282	30.552	33.022
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	13.279	14.235	14.915	18.825	21.569	22.093	24.178	26.210	29.645	31.375
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	5.412	6.014	6.726	7.897	9.856	9.702	10.576	11.913	13.340	14.382
22 Framhaldsskólastig	7.867	8.221	8.189	10.928	11.713	12.391	13.602	14.297	16.305	16.993
4 Háskólastig	6.595	7.528	8.255	9.604	11.263	11.805	12.885	14.901	15.855	18.186
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	1.864	2.053	2.362	2.821	2.888	3.289	3.894	4.297	4.920	4.956
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>										
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls<sup>2</sup></b>	<b>6,45</b>	<b>6,61</b>	<b>6,67</b>	<b>6,97</b>	<b>7,64</b>	<b>7,55</b>	<b>7,48</b>	<b>7,59</b>	<b>7,55</b>	<b>7,45</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	2,75	2,84	2,94	2,92	3,26	3,13	3,07	3,16	3,23	3,23
11 Leikskólastig	0,43	0,44	0,47	0,52	0,50	0,50	0,47	0,51	0,62	0,68
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	2,33	2,40	2,47	2,40	2,77	2,63	2,60	2,66	2,62	2,55
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	2,26	2,25	2,18	2,44	2,64	2,63	2,60	2,55	2,54	2,43
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	0,92	0,95	0,98	1,02	1,21	1,15	1,14	1,16	1,14	1,11
22 Framhaldsskólastig	1,34	1,30	1,20	1,42	1,43	1,47	1,46	1,39	1,40	1,31
4 Háskólastig	1,12	1,19	1,21	1,24	1,38	1,40	1,39	1,45	1,36	1,41
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	0,32	0,32	0,35	0,37	0,35	0,39	0,42	0,42	0,42	0,38
<b>Innbyrðis hlutdeild</b>										
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls<sup>2</sup></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	42,71	43,03	44,05	41,91	42,70	41,46	41,07	41,70	42,83	43,40
11 Leikskólastig	6,62	6,67	7,04	7,41	6,49	6,59	6,31	6,68	8,19	9,11
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	36,08	36,36	37,01	34,50	36,22	34,87	34,75	35,03	34,64	34,29
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	35,00	34,05	32,68	34,99	34,60	34,78	34,79	33,65	33,61	32,58
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	14,26	14,39	14,74	14,68	15,81	15,27	15,22	15,29	15,13	14,93
22 Framhaldsskólastig	20,73	19,67	17,94	20,31	18,79	19,51	19,57	18,35	18,49	17,64
4 Háskólastig	17,38	18,01	18,09	17,85	18,07	18,58	18,54	19,13	17,98	18,88
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	4,91	4,91	5,18	5,24	4,63	5,18	5,60	5,52	5,58	5,15
<b>Útgöld á mann, þúsundir króna</b>										
<b>Staðvirt á verðlagi samneyslu 2007</b>										
<b>Opinber fræðsluútgjöld alls<sup>2</sup></b>	<b>241,7</b>	<b>246,9</b>	<b>249,9</b>	<b>267,8</b>	<b>284,4</b>	<b>277,2</b>	<b>288,1</b>	<b>304,8</b>	<b>308,8</b>	<b>309,3</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	103,2	106,2	110,1	112,3	121,4	114,9	118,3	127,1	132,3	134,2
11 Leikskólastig	16,0	16,5	17,6	19,9	18,4	18,3	18,2	20,4	25,3	28,2
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	87,2	89,8	92,5	92,4	103,0	96,7	100,1	106,8	107,0	106,0
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	84,6	84,1	81,7	93,7	98,4	96,4	100,2	102,6	103,8	100,8
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	34,5	35,5	36,8	39,3	45,0	42,3	43,8	46,6	46,7	46,2
22 Framhaldsskólastig	50,1	48,5	44,8	54,4	53,4	54,1	56,4	55,9	57,1	54,6
4 Háskólastig	42,0	44,5	45,2	47,8	51,4	51,5	53,4	58,3	55,5	58,4
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	11,9	12,1	12,9	14,0	13,2	14,4	16,1	16,8	17,2	15,9

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.<sup>2</sup> Kaup heimila á fræðsluþjónustu frá hinu opinbera hafa verið dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*

**Tafla 11. Fræðsluútgjöld ríkissjóðs 1998–2007**Table 11. Central government expenditure on education 1998–2007<sup>1</sup>

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Verðlag hvers árs, í milljónum króna</b>										
<b>Fræðsluútgjöld ríkissjóðs<sup>2</sup></b>	<b>15.505</b>	<b>17.051</b>	<b>17.836</b>	<b>22.056</b>	<b>24.493</b>	<b>26.120</b>	<b>28.287</b>	<b>31.162</b>	<b>34.591</b>	<b>37.602</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	464	552	489	541	345	367	383	430	456	421
11 Leikskólastig	3	4	2	2	3	3	3	2	3	3
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	461	548	487	539	342	364	380	428	452	418
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	7.610	8.018	7.914	10.491	11.376	12.093	13.183	13.846	16.169	16.575
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	198	235	209	231	147	156	163	183	194	179
22 Framhaldsskólastig	7.412	7.783	7.705	10.260	11.229	11.937	13.020	13.662	15.975	16.396
4 Háskólastig	6.606	7.532	8.260	9.633	11.283	11.835	12.914	14.917	15.902	18.233
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	825	950	1.172	1.391	1.489	1.825	1.807	1.970	2.064	2.373
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>										
<b>Fræðsluútgjöld ríkissjóðs<sup>2</sup></b>	<b>2,64</b>	<b>2,70</b>	<b>2,61</b>	<b>2,86</b>	<b>3,00</b>	<b>3,10</b>	<b>3,05</b>	<b>3,04</b>	<b>2,96</b>	<b>2,91</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	0,08	0,09	0,07	0,07	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,03
11 Leikskólastig	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	0,08	0,09	0,07	0,07	0,04	0,04	0,04	0,04	0,04	0,03
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	1,29	1,27	1,16	1,36	1,39	1,44	1,42	1,35	1,38	1,28
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	0,03	0,04	0,03	0,03	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,01
22 Framhaldsskólastig	1,26	1,23	1,13	1,33	1,38	1,42	1,40	1,33	1,37	1,27
4 Háskólastig	1,12	1,19	1,21	1,25	1,38	1,41	1,39	1,45	1,36	1,41
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	0,14	0,15	0,17	0,18	0,18	0,22	0,19	0,19	0,18	0,18
<b>Innbyrðis hlutdeild</b>										
<b>Fræðsluútgjöld ríkissjóðs<sup>2</sup></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	2,99	3,23	2,74	2,45	1,41	1,40	1,35	1,38	1,32	1,12
11 Leikskólastig	0,02	0,02	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	2,97	3,21	2,73	2,44	1,40	1,39	1,34	1,37	1,31	1,11
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	49,08	47,02	44,37	47,56	46,45	46,30	46,60	44,43	46,74	44,08
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	1,27	1,38	1,17	1,05	0,60	0,60	0,58	0,59	0,56	0,48
22 Framhaldsskólastig	47,81	45,65	43,20	46,52	45,85	45,70	46,03	43,84	46,18	43,60
4 Háskólastig	42,61	44,17	46,31	43,67	46,07	45,31	45,65	47,87	45,97	48,49
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	5,32	5,57	6,57	6,31	6,08	6,99	6,39	6,32	5,97	6,31
<b>Útgjöld á mann, þúsundir króna</b>										
<b>Staðvirt á verðlagi samneyslu 2007</b>										
<b>Fræðsluútgjöld ríkissjóðs<sup>2</sup></b>	<b>98,8</b>	<b>100,7</b>	<b>97,7</b>	<b>109,8</b>	<b>111,7</b>	<b>114,0</b>	<b>117,3</b>	<b>121,9</b>	<b>121,1</b>	<b>120,8</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	3,0	3,3	2,7	2,7	1,6	1,6	1,6	1,7	1,6	1,4
11 Leikskólastig	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	2,9	3,2	2,7	2,7	1,6	1,6	1,6	1,7	1,6	1,3
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	48,5	47,4	43,3	52,2	51,9	52,8	54,7	54,2	56,6	53,2
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	1,3	1,4	1,1	1,1	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,6
22 Framhaldsskólastig	47,2	46,0	42,2	51,1	51,2	52,1	54,0	53,5	55,9	52,7
4 Háskólastig	42,1	44,5	45,2	48,0	51,5	51,6	53,5	58,4	55,7	58,6
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	5,3	5,6	6,4	6,9	6,8	8,0	7,5	7,7	7,2	7,6

<sup>1</sup> The English terms used in this table can be found in Annex 1 on page 33.<sup>2</sup> Kaup heimila á fræðsluþjónustu frá ríkissjóði hafa verið dregin frá. *The households purchase of central government education is excluded.*

**Tafla 12. Fræðsluútgjöld sveitarfélaga 1998–2007**Table 12. Local government expenditure on education 1998–2007<sup>1</sup>

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Verðlag hvers árs, í milljónum króna</b>										
<b>Fræðsluútgjöld sveitarfélaga<sup>2</sup></b>	<b>22.724</b>	<b>25.036</b>	<b>28.096</b>	<b>32.067</b>	<b>37.965</b>	<b>37.623</b>	<b>41.306</b>	<b>46.776</b>	<b>54.075</b>	<b>59.153</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	15.930	17.627	19.806	22.202	26.286	25.973	28.163	32.063	37.326	41.388
11 Leikskólastig	2.511	2.787	3.213	3.988	4.044	4.183	4.387	5.201	7.219	8.776
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	13.419	14.841	16.593	18.214	22.242	21.790	23.776	26.861	30.107	32.613
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	5.753	6.300	7.094	8.423	10.266	10.153	11.027	12.375	13.879	15.160
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	5.295	5.860	6.599	7.748	9.712	9.549	10.415	11.732	13.150	14.207
22 Framhaldsskólastig	458	440	495	675	554	604	612	642	729	953
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	1.040	1.109	1.196	1.441	1.413	1.497	2.116	2.339	2.870	2.605
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu</b>										
<b>Fræðsluútgjöld sveitarfélaga<sup>2</sup></b>	<b>3,86</b>	<b>3,96</b>	<b>4,11</b>	<b>4,15</b>	<b>4,65</b>	<b>4,47</b>	<b>4,45</b>	<b>4,56</b>	<b>4,63</b>	<b>4,57</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	2,71	2,79	2,90	2,88	3,22	3,09	3,03	3,12	3,20	3,20
11 Leikskólastig	0,43	0,44	0,47	0,52	0,50	0,50	0,47	0,51	0,62	0,68
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	2,28	2,35	2,43	2,36	2,72	2,59	2,56	2,62	2,58	2,52
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	0,98	1,00	1,04	1,09	1,26	1,21	1,19	1,21	1,19	1,17
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	0,90	0,93	0,97	1,00	1,19	1,13	1,12	1,14	1,13	1,10
22 Framhaldsskólastig	0,08	0,07	0,07	0,09	0,07	0,07	0,07	0,06	0,06	0,07
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	0,18	0,18	0,17	0,19	0,17	0,18	0,23	0,23	0,25	0,20
<b>Innbyrðis hlutdeild</b>										
<b>Fræðsluútgjöld sveitarfélaga<sup>2</sup></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	70,10	70,41	70,49	69,24	69,24	69,04	68,18	68,54	69,03	69,97
11 Leikskólastig	11,05	11,13	11,44	12,44	10,65	11,12	10,62	11,12	13,35	14,84
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	59,05	59,28	59,06	56,80	58,59	57,92	57,56	57,42	55,68	55,13
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	25,32	25,16	25,25	26,27	27,04	26,99	26,70	26,46	25,67	25,63
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	23,30	23,41	23,49	24,16	25,58	25,38	25,21	25,08	24,32	24,02
22 Framhaldsskólastig	2,02	1,76	1,76	2,11	1,46	1,61	1,48	1,37	1,35	1,61
8 Fræðslumál, ótalin annars staðar	4,58	4,43	4,26	4,50	3,72	3,98	5,12	5,00	5,31	4,40
<b>Útgjöld á mann, þúsundir króna</b>										
<b>Staðvirt á verðlagi samneyslu 2007</b>										
<b>Fræðsluútgjöld sveitarfélaga<sup>2</sup></b>	<b>144,8</b>	<b>147,8</b>	<b>153,8</b>	<b>159,6</b>	<b>173,2</b>	<b>164,2</b>	<b>171,3</b>	<b>183,0</b>	<b>189,3</b>	<b>190,0</b>
1 Leikskóla- og barnaskólastig	101,5	104,1	108,5	110,5	119,9	113,3	116,8	125,5	130,7	132,9
11 Leikskólastig	16,0	16,5	17,6	19,9	18,4	18,3	18,2	20,4	25,3	28,2
12 Barnaskólastig (1.–7. bekkur grunnskóla)	85,5	87,6	90,9	90,7	101,5	95,1	98,6	105,1	105,4	104,7
2 Unglinga- og framhaldsskólastig	36,7	37,2	38,8	41,9	46,8	44,3	45,7	48,4	48,6	48,7
21 Unglingastig (8.–10. bekkur grunnskóla)	33,7	34,6	36,1	38,6	44,3	41,7	43,2	45,9	46,0	45,6
